



Fundagerð 225.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 6. desember 2017 kl. 17.00 kom stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs saman til fundar á Icelandair hótelinu á Akureyri.

Fundinn sátu: Jóhannes Gunnar Bjarnason formaður, Guðný Sverrisdóttir ritari, Ólína Freysteinsdóttir, Kristín Björk Gunnarsdóttir, Baldvin Valdemarsson, Ágúst Torfi Hauksson og Axel Grettisson. Áheyrnarfulltrúi Halldór Jóhannesson mætti á fundinn.

Að auki sat fundinn: Pétur Ólafsson hafnarstjóri.

Fundagerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Fundagerð síðasta fundar.

Lögð fram til staðfestingar fundagerð 224. fundar frá 24. október s.l.
Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Gjaldskrá HN 2018.

Hafnarstjóri lagði fram tillögu að gjaldskrárbreytingu frá 1. janúar 2018. Stjórn HN samþykkir framlagða tillögu.

3. Dysnes.

Hafnarstjóri fór yfir stöðu mála er varðar Dysnes. Dysnes þróunarfélag hefur látið útbúa markaðsgögn fyrir mögulega fjárfesta.

4. Framkvæmdir.

Hafnarstjóri fór yfir stöðu framkvæmda. Verið er að leggja lokahönd á nýja 22 báta flotbryggju í Sandgerðisbót. Einnig er verið að leggja lokahönd á endurbyggingu timburbryggju í Fiskihöfninni og verður hún m.a. lengd úr 50 í 70 metra. Einnig hefur verið unnið við gerð bílastæða fyrir ofan Tangabryggju til að mæta þeirri þörf sem hefur komið með fleiri komum skemmtiferðaskipa. Jafnframt er verið að hanna nýja endurgerða Torfunefsbyggju og stefnt er að því að stálþil verði boðið út strax eftir áramót og niðurrekstur hefjist haustið 2018.

5. Nýr dráttarbátur.

Hafnarstjóri fór yfir stöðu mála varðandi smíðina á nýja bátnum. Allt virðist vera á áætlun og því má reikna með að báturinn verði komin í heimahöfn um mitt árið 2018.

6. Skemmtiferðaskip.

Hafnarstjóri kynnti tölulegar staðreyndir varðandi skemmtiferðaskip. Ljóst er að næstu tvö árin a.m.k. verður aukning og því verður höfnin að mæta þeim kröfum sem til hennar eru gerðar. Ákveðið að hækka fjármuni til gróðursetningarverkefnis upp í 1 mkr fyrir árið 2018.



7. Samfélagsstyrkur HN 2017.

Ákveðið var að samfélagsstyrkur HN fyrir árið 2017 renni til Björgunarsveitarinnar Súlna á Akureyri.

8. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 18:20

Jóhannes Gunnar Bjarnason formaður

Guðný Sverrisdóttir ritari

Ólína Freysteinsdóttir

Kristín Björk Gunnarsdóttir

Axel Grettisson

Baldvin Valdemarsson

Ágúst Torfi Hauksson

Pétur Ólafsson hafnarstjóri
